

ÁRSSKÝRSLA 2024



VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



NNGANGUR

Ársskýrsla Verzlunarskóla Íslands fyrir almanaksárið 2024 er frábrugðin öðrum skýrslum úr skólastarfinu þar sem í henni eru til umfjöllunar tvær námsannir hvor á sínu skólaárinu auk sumarannar fjarnáms. Í ársskýrslunni verður farið yfir starfsemi skólans á árinu 2024 en auk þess verður vísað í aðrar skýrslur skólans varðandi einstaka málefni. Ársskýrsla þessi gefur lesendum gróft yfirlit yfir starfsemi skólans og þá skólaþróun sem á sér stað. Á heimasíðu skólans er hægt að nálgast fyrri ársskýrslur skólans, skólanámskrá en í henni er farið ítarlega yfir námsframboð skólans, skólareglur og hinar ýmsu stefnur og áætlanir sem skólinn starfar eftir. Þá eru sjálfsmatsskýrslur hvers skólaárs aðgengilegar á heimasíðunni en í þeim er farið ítarlega yfir gæðastarf skólans og hægt að kynna sér þær fjölmörgu kannanir sem lagðar eru fyrir árlega í skólastarfinu.

REKSTRARFORM SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir [skipulagsskrá](#) fyrir Sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóli Íslands ses. Í skipulagsskránni segir meðal annars: „Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.“

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi kennslu á framhaldsskólastigi. Gildandi [þjónustusamningur](#) var undirritaður í desember árið 2012 og hefur síðan verið framlengdur níu sinnum. Samtal hefur átt sér stað síðustu ár við mennta- og barnamálaráðuneytið um nýjan þjónustusamning sem væri þá heildarsamningur milli aðila og tæki við af núverandi þjónustusamningi og [skólasamningi](#) sem gerður var upphaflega árið 2013 milli skólans og ráðuneytis mennta- og barnamála.

Skólinn hlaut í júlí 2022 [viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi](#) til þriggja ára en samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og barnamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Bakhjarlar skólans eru Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálaþyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Bakhjarlarnir skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.

Fulltrúaráð skólans

Ingunn Agnes Kro, formaður
Björn Brynjúlfur Björnsson
Hannes Frímánn Hrólfsson
Helga Árnadóttir
Ingibjörg Gréta Gísladóttir
Jóhannes Stefánsson
Margrét Sanders
Sigríður Margrét Oddsdóttir
Steinn Logi Björnsson

Skólanefnd skólans

Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
Andri Þór Guðmundsson
Benedikt Gíslason
Hannes Frímánn Hrólfsson
Sigríður Margrét Oddsdóttir
Ásta Henriksen þróunarstjóri og enskukennari er áheyrnarfulltrúi kennara í skólanefnd.

HÚSNÆÐI SKÓLANS

Skólinn er í eigin húsnæði við Ofanleiti 1 í Reykjavík og er húsnæðið um 10.750 m². Í skólahúsnæðinu eru 44 kennslustofur (51 til 70 m² að stærð). Skólinn er bekkjaskóli og hefur hver bekkur sína heimastofu. Einnig eru tvær tölvustofur (28 tölvur í hvorri), íþróttahús, jógasalur og æfingasalur með viðeigandi búnaði. Í skólanum er vel útbúið bókasafn, 350 m², og að auki lessalur. Þá eru raungræinastofur í skólanum, ein sérútbúin fyrir líffræði, önnur fyrir efnafræði og þriðja fyrir eðlisfræði. Einnig er FabLab- og hönnunarstofa með þrívíddarprentara, leiserskera, vínylskera og saumavélar fyrir fatahönnunaráfanga. Þá er ein kennslustofa skilgreind sem myndlistarkennslustofa. Í skólanum er lyfta og aðgengi fyrir hjólastóla er mjög gott. Endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu nemenda og starfsmanna á liðnum árum. Áfram verður unnið að því að bæta aðstöðu í skólanum í samræmi við fjölbreytilega kennsluhætti og annað þróunarstarf innan skólans.

Haustið 2022 hófust framkvæmdir við endurbætur á ytra byrði skólans. Framkvæmdum lauk undir lok árs 2024. Skipt var um alla glugga í eldri byggingu skólans og húsið steinað. Í síðustu ársskýrslu var ítarlega farið yfir framkvæmdatímann og framkvæmdirnar en verktakaskipti urðu fljótlega eftir að verkið var hafið. Ný ásýnd skólans hefur vakið mikla ánægju en vandað var til verka. Næst á dagskrá í framkvæmdum við skólann er að byggja hjólaskýli og vinna í endurbótum á lóð skólans.



Hér má sjá breytinguna á ásýnd skólans eftir að skipt var um glugga og húsið steinað í nýjum lit.




Starfsmenn skólans á launaskrá árið 2024 voru að meðaltali yfir árið 117 einstaklingar. Inni í þeirri tölu eru ekki starfsmenn í kvöldræstingum eða gæslu á bókasafni. Kynjahlutföll, ef horft er til allra starfsmanna á launaskrá, eru 66% konur og 34% karlar en árið 2023 voru karlmenn 28%. Í hópi kennara sem telja 90 einstaklinga eru kynjahlutföll 37% karlar en voru 32% árið á undan. Í nemendabjónustu skólans starfa fjórir starfsmenn, þrír náms- og starfsráðgjafar og einn sálfræðingur. Fimm starfsmenn starfa í mötuneyti skólans í fjórum stöðugildum. Tveir starfa við umsjón

húsnæðis, tveir í umsjón tölvukerfis og netendabjónustu og fjórir í dagræstingum í þremur og hálfu stöðugildi. Á bókasafni skólans starfa þrír og þá eru þrír starfsmenn á skrifstofu skólans auk stjórnenda sem eru fjórir.

Stjórnendateymi skólans

- Guðrún Inga Sívertsen, skólastjóri
- Þorkell H. Diego, aðstoðarskólastjóri
- Gylfi Hafsteinsson, kennslustjóri staðnáms
- Sigurlaug Kristmannsdóttir, kennslustjóri fjarnáms (lét af störfum í byrjun árs 2025).
- Hólmfríður Knútsdóttir, kennslustjóri fjarnáms (hóf störf sem kennslustjóri 1.1.2025).

Skipurit skólans frá 2021 er lýsandi fyrir starfsemi skólans en rekstrarsvið fundar vikulega með stjórnendateymi skólans. Þá eru sérstakir samráðs- og vinnufundir reglulega yfir skólaárið með einstaka einingum innan kennslu- og þróunarsviðs skólans.



VIÐURKENNINGAR OG SAMSTARF

Verzlunarskólinn fékk viðurkenningu fyrir Erasmus+ verkefni en skólinn tók þátt í viðburðinum Evrópusamvinna í 30 ár sem RANNÍS og Evrópusambandið stóðu fyrir.



Verzlunarskólinn hlaut Jafnvægisvogina í annað sinn árið 2024. Viðurkenningin er veitt þeim þátttakendum sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum. Viðurkenningin var afhent við hátíðlega athöfn á árlegri viðurkenningarhátíð Jafnvægisvogarinnar, þar sem 93 fyrirtæki, 15 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar fengu viðurkenningu fyrir að ná fram jafnrétti í efsta stjórnendalagi. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að tryggja 40/60 kynjahlutfall á þessum sviðum.



Verzlunarskólinn tekur þátt í samstarfi um farsæld barna í viðkvæmri stöðu. Skrifað var undir samstarfsyfirlýsingu í desember 2024. Meðal þeirra sem skrifuðu undir yfirlýsinguna voru Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur, Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og framhaldsskólar í Reykjavík, þar á meðal Verzlunarskólinn. Samstarfið byggir á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna þar sem samstarfsaðilum ber að fylgjast með þörfum barna, bregðast við og koma á samstarfi. Verzlunarskólinn telur þetta samstarf mikilvægt skref til að styðja við börn í viðkvæmri stöðu og vonar að það skili jákvæðum breytingum fyrir samfélagið.





Starfsmenn skólans komust í fréttirnar í desember 2024 þegar jólapeysur voru prjónaðar af starfsmönnum skólans og fékk fréttin heitið *Jólapeysuævintýri í Verzló*. Um sannkallað ævintýri var að ræða því margir tóku fram prjónana og prjónuðu peysu eftir sömu uppskrift en í mörgum litaútfærslum. Þetta skemmtilega verkefni lýsir vel þeim góða anda sem er á vinnustaðnum. Nú verður spennandi að sjá hvað verður næsta prjónaverkefni hópsins.

NÁMSFRAMBOÐ SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum. Frá hausti 2019 hefur nemendum boðist að velja um 4 brautir sem sumar skiptast í ólíkar línur. Það eru alþjóðabraut, nýsköpunar- og listabraut, náttúrufræðibraut líffræðilína, náttúrufræðibraut eðlisfræðilína, viðskiptabraut starfræn viðskiptalína, viðskiptabraut hagfræðilína og viðskiptabraut viðskiptalína.

Árið 2023 var farið í endurskoðun námsbrauta en sú vinna fólst í rýnihópaviðtölum við útskriftarnemendur þar sem einn rýnihópur var myndaður af hverri námslínu skólans. Nemendur voru spurðir út í nám þeirra og einstaka áfanga. Þá voru gögn notuð úr stefnumótunavinnu skólans og könnun var send á útskrifaða nemendur þar sem þeir voru spurðir út í undirbúning fyrir háskólanám og hvað mætti betur gera. Haldnir voru vinnufundir starfsmanna og deildir fóru yfir alla áfanga sína og gerðu breytingar og uppfærslur.

Mikil fagleg vinna fór fram meðal starfsmanna og í upphafi árs 2024 voru niðurstöður kynntar og nýjar námsbrautir litu dagsins ljós. Nemendur sem innrituðust í skólann að vori 2024 hófu nám á nýjum og endurbættum námsbrautum. Þá voru aðrar breytingar gerðar svo breytingar á próftöflu, innleiðing vikulegs prófatíma fyrir próf t.d. í símatsáföngum. Breytingar á haustfríi, breytingar á heimastofum, breytingar á lífsleikni og fleira. Margar af þessum breytingum voru gerðar með það að markmiði að jafna álag á nemendur yfir hverja önn og á sama tíma jafna álag á kennara.

Nánari upplýsingar um nýjar námsbrautir má sjá á heimasíðu skólans en þar er hægt að nálgast áfangalýsingar hvers áfanga á hverri braut. Samantekt á breytingum hvefrrar brautar má sjá hér að neðan en nemendur sem innrituðust í skólann haustið 2024 hófu nám á nýjum brautum skólans.

Alþjóðabraut

- Nafnabreyting á braut - félagsvísinda- og alþjóðabraut
- Ritunaráfangi sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Fjórði áfangi í þriðja tungumáli fer út
- Enskuáfangi fer út
- Menningarfræði og landafræði fer út - innihald áfanganna færast í félagsvísindi
- Inn kemur fjórði áfangi í stærðfræði
- Fjórir áfangar kallast félagsvísindi og innihald þeirra er t.d. stjórnmálafræði, menningarfræði og lokaverkefni.
- Lögfræði kemur inn
- Einn af alþjóðafræði áföngunum tengist inn í alþjóðaverkefni nemenda á brautinni

Nýsköpunar og listabraut

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Enskuáfangi fer út
- Markaðsfræði kemur inn
- Stærðfræði kemur inn
- Lögfræði fer úr

Náttúrufræðibraut - líffræðilína

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Danska NS fer út
- Fjórði áfanginn í ensku fer inn
- Þriðja tungumál, b-áfangi, færast niður á 1. ár

Náttúrufræðibraut - eðlisfræðilína

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- Danska NS fer út
- Fjórði áfangi í ensku kemur inn
- Þriðja tungumál, b-áfangi, fer niður á 1. ár
- Forritun fer niður á 2. ár til að auðvelda nemendum að velja framhald í forritun
- Líffræði fer upp á þriðja ár

Viðskiptabraut - stafræn viðskiptalína

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- UT-tölvuáfanginn tekur breytingum

Viðskiptabraut - hagfræðilína

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- UT-tölvuáfanginn tekur breytingum

Viðskiptabraut - viðskiptalína

- Ritunaráfanginn sem fer þvert á brautir kemur inn
- Lífsleikni fer út á þriðja ári
- UT-tölvuáfanginn tekur breytingum
- Enskuáfanginn ME fer út
- Þjóðhagfræði kemur inn

Fagnám verslunar og þjónustu er námsbraut sem kennd hefur verið við skólann síðan janúar 2020. Námið er fyrir starfandi verslunarfólk og er boðið upp á raunfærnimat þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á mótum kenndum áföngum. Þannig fá einstaklingar með starfsreynslu og hæfni slíkt metið til eininga og styttingar á námi sínu. Í desember 2024 var 22 nemandinn útskrifaður með fagpróf í verslun og þjónustu. Fjöldi fyrirtækja sem eiga útskrifaðan nemanda eru því orðin fimm en samstarfsfyrirtækin eru alls 13.



Fjármálalæsi er nú kennt í öllum bekkjum á fyrsta námsári við skólann en grunnáfangi í hagfræði og fjármálalæsi er kjarnánámsgrein á öllum brautum. Nemendur fengu bókina Snjöll skref í fjármálum eftir Gunnar Baldursson að gjöf frá samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu.

NEMENDAFJÖLDI SKÓLANS

Á vorönn 2024 stunduðu 1049 nemendur nám við skólann í dagskóla. 76 nemendur voru á alþjóðabraut, 75 á nýsköpunar og listabraut, 297 á náttúrufræðibraut, líffræðilínu, 149 á náttúrufræðibraut, eðlisfræðilínu, 202 á viðskiptabraut, viðskiptalínu, 173 á viðskiptabraut, hagfræðilínu og 77 á viðskiptabraut, stafrænni línu. Á haustönn 2024 voru nemendur 1062 og hlutföll nemenda á milli brauta sambærilegt frá vorönn.

Nemendur í fjarnámi skólans

Á vorönn 2024 voru 464 nemendur skráðir í fjarnám og til lokaprófa skiluðu sér 63,1% af einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 59,4.

Á sumarönn 2024 voru 515 nemendur skráðir í fjarnám og til lokaprófa skiluðu sér 52,1% af einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 68,2.

Á haustönn 2024 voru 385 nemendur skráðir í fjarnám og til lokaprófa skiluðu sér 59,3% af einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 48,5.

Í lok haustannar útskrifuðust tveir nemendur með stúdentspróf.

Önn	Fjöldi áfanga á önn	Fjöldi nemenda á önn	Ársnemendur skráðir	% Mæting í próf
V24 - FJAR	104	464	59,4	63,1%
S24 - FJAR	68	515	68,2	52,1%
H24 - FJAR	86	385	48,5	59,3%
V24 - FAG	19	37	5,5	59,10%
H24 - FAG	19	34	4,7	67,30%
Alls	296	1435	186,3	57,90%

Á vorönn 2024 voru 37 nemendur skráðir í 331 einingu og lokanámsmat skilaði sér í 183 einingum. Fagnámsnemendur luku við 55,3% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Á haustönn 2024 voru 34 nemendur skráðir í 281 einingu og lokanámsmat skilaði sér í 180 einingum. Fagnámsnemendur luku við 64,1% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Í lok vorannar útskrifuðust tveir nemendur með fagbréf í verslun og þjónustu og einn til viðbótar lauk prófinu í lok haustannar.

Tafla 1.
Fjar- og fagnemendur árið 2024, tölur úr Innu

Á vorönn 2024 voru 15,9% fjarnemenda nemendur í grunnskólum og 25% voru nemendur sem stunduðu líka nám í dagskóla VÍ. Nemendur sem stunda nám í öðrum framhaldsskólum eða voru ekki skráðir í skóla eru 59,1% af nemendafjölda fjarnámsins.

Á haustönn 2024 voru 20% fjarnemenda nemendur í grunnskólum og 12,7% voru nemendur sem stunduðu líka nám í dagskóla VÍ. Nemendur sem stunda nám í öðrum framhaldsskólum eða voru ekki skráðir í skóla eru 67,3% af nemendafjölda fjarnámsins.

Í töflunni hér að neðan eru tölur frá vorönn 2024 og haustönn 2024 teknar saman, en á sumarönn var erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um stöðu nemenda í skólakerfinu.

	Alls		Dagskóli VÍ		Grunnskóli		Aðrir	
	Fjöldi	% fjöldi	Fjöldi	% fjöldi	Fjöldi	% fjöldi	Fjöldi	% fjöldi
V24	464	25,0%	116	25,0%	74	15,9%	274	59,1%
H24	385	12,7%	49	12,7%	77	20,0%	259	67,3%
Alls	849	19,4%	165	19,4%	80	9,4%	604	71,1%

Brautskráning



330 nemendur voru brautskráðir frá skólanum í maí 2024. Guðrún Inga Sívertsen, skólastjóri, flutti nemendum kveðjuorð sín þar sem hún hvatti nemendur til að vera óhrædda við að prófa nýjar leiðir þar sem þeirra kynslóð stæði frammi fyrir miklum áskorunum hvort sem horft væri til heims mála eða tækniþróunar. Hún lagði einnig áherslu á hversu mikilvægt það væri að halda tengslum og rækta vináttuna sem myndast hefur í Verzló. Að tilheyrja hópi, árgangi sem útskrifast saman, er dýrmætt.

Að vanda var úthlutað úr Ví 100 sjóðnum en hann var stofnaður í tilefni af 100 ára afmæli skólans. Fyrirverandi nemendur skólans lögðu fé í sjóðinn og í skipulagsskrá fyrir sjóðinn segir m.a. að árlega skuli hann styrkja valda nemendur með fjárframlagi, þegar þeir flytjast milli bekkja eða ljúka stúdentsprófi. Skal við það miðað að styrkþegar hafi sýnt afburða námsárangur eða lagt verulega af mörkum til skólastarfsins á annan hátt.



Dúx skólans var Ragna María Sverrisdóttir í 3-X, með I. ágætiseinkunn; 10,0. Hlaut hún bókaþöf og námsstyrk. Semidúxinn var Núi Pétur Á. Guðnason í 3-D, með I. ágætiseinkunn; 9,9 og hlaut hann bókaþöf og námsstyrk.



Þriðji árgangur Norður-Atlantshafsbekkjans lauk lokaári sínu í Sisimiut á Grænlandi með brautskráningu, 25. júní.

Að þessu sinni voru tveir íslenskir nemendur meðal útskriftarnemenda, Ingibjörg Ögn Úlfarsdóttir og Kári Egilsson. Einnig var Stella Henriksdóttir Runge meðal útskriftarnema en afi hennar var íslenskur og á hún því sterkar rætur að rekja til Íslands. Þau stóðu sig með miklum ágætum og hafa verið verðugir fulltrúar Íslands í þessu einstaka samvinnuverkefni fjögurra skóla í jafnmörgum löndum.

Innritun

Innritaðir voru 370 nemendur frá 52 grunnskólum víðs vegar af landinu í júní 2024. Við val á nemendum var að öllu leyti stuðst við þau viðmið sem skólinn hefur sett sér varðandi inntöku nýnema. Horft var til námsmats úr grunnskóla og var bókstöfum varpað í tölustafi samkvæmt kvarða sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) hefur gefið út. Nánar er hægt að lesa um innritunarviðmið skólans á heimasíðu hans. Þá var horft sérstaklega til jöfnun kynjahlutfalls meðal nýnema og þess gætt að hlutfall hvers kyns færi ekki yfir 60% innritaðra nemenda. Einnig var horft til þeirra umsækjenda sem ekki eru með íslensku sem móðurmál en í þeirra tilvikum var vægi íslenskueinkunnar einfalt en ekki tvöfalt vægi.

Hæsti stigafjöldi sem hægt er að fá samkvæmt reiknireglu er 24 stig eða A í öllum greinum sem horft er til. 64 umsækjendur voru með A í öllu eða 17% innritaðra. 269 umsækjendur voru með 23 stig eða hærra og fengu þeir allir umsókn sína samþykkt, annaðhvort brautarval 1 eða brautarval 2. Hlutfall innritaðra með 23 stig eða hærra er 73% í ár sem er nokkuð lægra hlutfall heldur en í innritun 2023 en þá var hlutfallið 82%. Allir umsækjendur með 22,75 stig fengu umsókn sína samþykkt í brautarval 1 eða brautarval 2. 52 umsækjendur með 22,5 stig (B+ í öllum greinum) fengu umsókn sína samþykkt í brautarval 1 eða brautarval 2. Skipting milli brauta nýnema haustið 2024 er að einn bekkur verður á félagsvísinda- og alþjóðabraut og einn bekkur á nýsköpunar- og listabraut. Sex bekkir á náttúrufræðibraut, fjórir þeirra á líffræðilínu og tveir á eðlisfræðilínu. Sex bekkir á viðskiptabraut; tveir á hagfræðilínu, einn á stafrænni viðskiptalínu og þrír á viðskiptalínu.

Umsóknir fyrir haustönn 2024 í dagskóla voru alls 683, þeir sem völdu skólann sem fyrsta val voru 522 og 161 völdu skólann sem val 2. Eins og segir hér að ofan voru 370 nemendur innritaðir í skólann.





Bára Katrín Jóhannsdóttir 3-B tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd Verzlunarskólans. Bára söng lagið Gatnamót sem hljómsveitin Dóra og döðlurnar sömdu en Bára er einn af meðlimur hljómsveitarinnar. Bára hafnaði í öðru sæti í keppninni.

Peysufatadagurinn er sannkallaður vorboði í Verzlunarskólanum en nemendur á 2. ári halda upp á daginn í byrjun maí.

Dagskráin hefst í skólanum en síðan er farið niður í bæ þar sem dansað er á Ingólfstorgi. Eftir myndatöku fyrir framan Háskóla Íslands er farið í hádegismat í Gullhömrum og kvöldið endar svo á dansleik.



Rjóminn, ein af myndbandsnefndum skólans, sýndi í Bíó Paradís myndina Hringvegurinn og í kjölfarið var myndin sýnd á RÚV í júní. Nemendur sáu sjálfir um handrit, leik, upptöku og klippingu. Myndin er gamanmynd og fjallar um vinahóp sem ákveður að fara hringveginn í sumarfríinu til að skapa góðar og skemmtilegar minningar. Ferðin tekur hins vegar óvænta stefnu og hópurinn lendir í hrakningum sem enginn átti von á.



GVÍ, Góðgerðarráð Verzlunarskóla Íslands, hefur látið margt gott af sér leiða í gegnum árin. Til að mynda stóð GVÍ að því að reisa barnaskóla í Úganda, í samstarfi við ABC barnahjálp, sem fékk nafnið Litli Verzló.

Skólaárið 2023- 2024 var ákveðið að styrkja UNICEF, nemendur lögðu ýmislegt á sig til að leggja málefnið lið og framkvæma ýmiskonar áskoranir, t.a.m. tóku Málfo strákarnir að sér afgreiðslu í Matbúð. Anna og Andrea „skiptu“ um skóla í einn dag og gerðust MR-ingar og Nemó hópurinn gekk um skólann með sundgleraugu í heilan dag. Samtals safnaðist 630 þúsund krónur sem Góðgerðarráð afhenti UNICEF.



Góðgerðarráð skólans stóð fyrir minningartónleikum í Háskólabíói fimmtudaginn 3. október til heiðurs vinkonu sinni og samnemanda Bryndísi Klöru Birgisdóttur sem lést eftir fólksulega árás á Menningarnótt. Miðarnir á tónleikana seldust upp og var salurinn fullur af fólki sem kom saman til að minnast Bryndísar Klöru á fallegan hátt. Allur ágóði tónleikanna rann í minningarsjóð Bryndísar Klöru.

Á sviðinu komu fram stórstjórnur íslenskrar tónlistar, þar á meðal Aron Can, Bubbi Morthens, Friðrik Dór, GDRN og Páll Óskar, Ragnhildur Steinunn var kynnr kvöldsins og stýrði dagskránni af hlýju. Öll gáfu þau vinnu sína í þágu góðs málefns. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, var sérstakur heiðursgestur á tónleikunum og ávarpaði salinn. Tónleikarnir voru einstök upplifun fyrir alla viðstadda, þar sem ólíkir tónlistarmenn sameinuðust í að flytja hugljúf lög til minningar um unga stúlku sem hafði djúp áhrif á vini sína og skólafélaga.



Góðgerðarráðið stóð ekki bara fyrir minningartónleikum heldur var líka haldin góðgerðarvika í skólanum. Alls söfnuðust 7.5 milljónir sem runnu í minningarsjóð Bryndísar Klöru en markmið sjóðsins er að styðja við verkefni og aðgerðir sem leggja áherslu á aukna velferð og öryggi ungs fólk í samfélaginu. Foreldrar Bryndísar Klöru, Iðunn Eiríksdóttir og Birgir Karl Óskarsson tóku við peningunum frá góðgerðarráðinu.

PÁTTTAKA NEMENDA Í ÝMSUM VERKEFNUM



Nemendur skólans unnu til fyrstu verðlauna í spænskukeppni sem fólst í gerð myndbanda og veggspjalda á spænsku þar sem þemað var sjötta grein heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, *Menntun fyrir öll*. Nemendur frá nokkrum framhaldsskólum á Íslandi tóku þátt í keppninni. Fjórir nemendur frá Versló, Embla Guðný Jónsdóttir Bachmann (2-B), Telma Ósk Bergþórsdóttir (2-B), Aníta Líf Ólafsdóttir (2-B) og Kári Einarsson (2-D) unnu fyrstu verðlaun með myndbandinu *La importancia de la educación* (Mikilvægi menntunar). Fyrir sigurinn

hlutu þau í vinning spænskunámskeið í viku við háskólann í Alcalá de Henares í Madrid.

Lið Verzlunarskólans í eðlisfræði náði góðum árangri í nýafstaðinni landskeppni í eðlisfræði. Ragna María Sverrisdóttir 3-X sigraði keppnina og Bjartþór Steinn Alexandersson 3-X lenti í öðru sæti. Þá voru Verzlingar í 4. 7. og 11. sæti keppinnar.



Tveir nemendur Verzlunarskólans hlutu verðlaun fyrir þátttöku í þýskuþraut en alls voru 15 nemendur úr hinum ýmsu framhaldsskólum veðrlaunaðir. Inga Júlíana Jónsdóttir 2-U lenti í 3. sæti og Ingunn María Brynjarsdóttir 2-U hafnaði í 5. sæti.

Nemendur í frönsku tóku einnig þátt í frönskukeppni grunn- og framhaldsskóla. Frú Vigdís Finnbogadóttir heiðraði samkomuna með nærveru sinni og sendiherra Frakklands á Íslandi Guillaume Bazard veitti verðlaun í myndbandasamkeppni nemanda. Þema keppinnar í ár var « J'aime... » eða Ég elska... Var keppnin tvískipt, tvö myndbönd komu úr grunnskólum og 21 úr framhaldsskólum. Keppendur tóku flutning sinn upp á myndband og mátti leika sér með formið að vild; myndskreyta, leika, syngja og dansa.

Þrír nemendur úr 2.H unnu til sérstakra verðlauna fyrir frumsamið lag en það voru þeir Jakob Már Österby Ævarsson, Styrmir Jónsson og Þorkell Breki Gunnarsson.





Þær Una Helgadóttir og Karolína Björk Líndal Ingadóttir, nemendur á 1. ári í Verzlunarskólunum hlutu verðlaun fyrir 1. sæti í keppninni Greindu betur. Liðstjóri var Anna Hera Björnsdóttir, stærðfræðikennari við skólann.

Um er að ræða liðakeppni í tölu- og upplýsingalæsi sem er á vegum Hagstofu Íslands og var haldin í þriðja sinn nú nýverið. Keppnin er tvískipt, í fyrri hluta hennar er spurningum svarað um þekkingu á tölfræði og upplýsingum frá Hagstofu Íslands og Evrópsku hagstofunni (Eurostat). Í seinni hlutanum

er unnið að sjálfstæðu verkefni sem byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands. Una og Karolína gerðu verkefni þar sem þær greindu gögn um ferðamenn sem ferðast í gegnum Keflavíkurflugvöll. Þær fundu ýmislegt áhugavert um efnið á vef Hagstofunnar, unnu tölfræðiúrvinnslu og settu saman í skýrslu.



Fyrirtækið Netaprent var valið fyrirtæki ársins 2024 í Fyrirtækjasmíðju Ungra frumkvöðla. Netaprent framleiðir þrívíddarprentefni sem er unnið úr notuðum fiskinetum. Fyrirtækið er skipað þeim Andra Clausen, Erik Gerritsen, Markúsi Heiðari Ingvasyni og Róberti Luu, nemendum á lokaári á viðskiptabraut en þátttaka í Fyrirtækjasmíðju Ungra frumkvöðla er lokaverkefni brautarinnar.

FORELDRASAMSTARF

Foreldrafélag er starfandi við skólann. Markmið félagsins er að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna barna í skólanum. Einnig er markmið félagsins að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra og forráðamanna sem hagsmunahópur um bætta hag og stöðu skólans. Allir foreldrar og forráðamenn barna í skólanum eru meðlimir í foreldrafélaginu. Árlega stendur félagið fyrir fræðslufundum fyrir foreldra. Þá koma foreldrar að gæslu fyrir utan böll nemendafélagsins og gefa vinninga í edrúpott.



Nemendapjónusta

Í nemendapjónustunni starfa þrír náms- og starfsráðgjafar í þremur stöðugildum og einn sálfræðingur í 80% stöðugildi. Auk þeirra er starfandi við skólann hjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu Reykjavíkur í 35% starfi og er samstarf þar á milli.

Náms- og starfsráðgjafar skipta með sér árgöngum og fylgja þeim frá fyrsta degi til útskriftar. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafa og sálfræðings deildarinnar sem grípur mál sem þarfnast nánara mats, stuðnings og jafnvel vísunar til fagaðila úti í bæ. Samvinna er við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur og kennara. Nemendapjónustan situr vikulega fundi með samráðsteymi sem samanstendur af deildinni og Guðrúnu Ingu skólastjóra, Þorkeli aðstoðarskólastjóra, Gylfa kennslustjóra staðanáms og Hólfríði kennslustjóra fjarnáms. Einnig situr deildarstjóri nemendapjónustu vikulega fundi með skólastjórnendum og deildarstjórum annarra stoðdeilda. Sóley námsráðgjafi situr í mannauðsteymi skólans. Eftirlit með mætingu nemenda eru í höndum samráðsteymis. Nemendapjónustan fundar einnig vikulega og fer yfir starf deildarinnar og þau mál sem verið er að vinna í hverju sinni.



Árið 2024 var áfram unnið með hópefli og samstöðu í bekkjum. Náms- og starfsráðgjafar fóru inn í alla bekkj á 1., 2. og 3. ári með hópeflisleiki og bekkjarvinnu haustið 2024. Umsjónarkennarar og sálfræðingur skólans voru oftast með í þessum heimsóknum. Þetta er vinna sem Nemendapjónustan hefur gert að föstum liði á hverju hausti þar sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hrista nemendur vel saman strax í upphafi skólaárs. Til viðbótar við þessar heimsóknir eru starfsmenn Nemendapjónustunnar hluti af Hringekju annars árs og fara vikulega í kennslustundir bekkjanna. Námsráðgjafar beina sjónum að bekkjaranda og sálfræðingur að geðheilbrigði. Námsráðgjafar áttu í góðu samstarfi við umsjónarkennara sem voru duglegir að láta vita ef þeir fundu fyrir að bekkir voru ekki að blandast vel og var reynt að grípa inn í með allskonar hópeflisvinnu.

Annað sem fellur undir Nemendapjónustuna og var hluti af starfinu árið 2024 var m.a. prófkvíðanámskeið, móttaka nýnema að hausti og um jól, halda fund fyrir nemendur sem koma erlendis frá eða utan af landi, ráðgjöf við nemendur í NGK bekk og undirbúningur útskriftar sem og kynningar- og markaðsmál. Undirbúningur foreldrafundar nýnema að hausti er einnig hluti af verkefnum deildarinnar.



Gleði- og forvarardagurinn var haldinn í febrúar og sóttu nemendur margskonar fyrirlestra og viðburði í húsinu þann dag.

Á vorönn var Nemendapjónustan með nema í Tómsunda- og félagsfræði og tók hún virkan þátt í verkefnum deildarinnar.

Háskóladagurinn var haldinn í skólanum og komu fulltrúar frá öllum háskólunum ásamt fleiri stofnunum sem gagnlegt er fyrir útskriftarnema að vita um. Nemendur á öllum árum voru áhugasamir og var 2. árinu boðið að vera með á kynningunni. Nemendapjónustan sá um skipulagningu dagsins eins og síðustu tvö ár.



Menntabúðir voru haldnar í öllum framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins og tók deildin á móti náms- og starfsráðgjöfum annarra skóla og líka sálfræðingum framhaldsskólanna .



Náms- og starfsráðgjafar sáu um skólakynningar fyrir 10. bekkina, undirbjuggu Opið hús í mars 2024 og fóru og kynntu í Seljaskóla, en það var eina hverfakynningin. Á Opnu húsi var grunnskólanemendum boðið í heimsókn og þurftu þeir að skrá sig fyrirfram. Farið var með litla hópa í „lestum“ um húsið ásamt því að skólastjórnendur kynntu skólann í Bláa sal. Nemendafélagið var einnig í húsi og kynnti sitt starf og sýndu brot úr nemendasýningu í íþróttahúsinu.

Náms- og starfsráðgjafar tóku allar þátt í alþjóðaverkefnum árið 2024 sem er skemmtileg viðbót við starfið.

Farsæld barna var áfram hluti af störfum deildarinnar og sóttu tengiliðir fundi nokkrum sinnum er varða þann málaflokk. Nýjung árið 2024 var að bókunarkerfi var tekið upp fyrir deildina. Nemendur og aðrir geta þá valið sér tíma og bókað hjá öllum starfsmönnum deildarinnar sem er að gefa mjög góða raun.



Haustið 2024 markaðist af andláti Bryndísar Klöru og stuðningi við nemendur í kjölfar þess.

Skólaþróun



Í febrúar 2024 voru kynnt til sögunnar símabox í skólanum en þeim var komið fyrir í öllum kennslustofum skólans. Markmiðið með símaboxunum er að nemendur nýti kennslustundir sínar betur með því að hvíla símana meðan á kennslu stendur enda getur verið freistandi að vafra um á samfélagsmiðlum ef síminn er við höndina.

Forvarnardagurinn var haldinn í skólanum í október og í ár fengum við forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur, í heimsókn. Forseti Íslands stýrði hringborðsumræðu þar sem þátttakendur voru slembiúrtak bekkjarfulltrúa,

fulltrúa foreldrafélagsins, kennara og starfsmanna skólans. Viðfangsefni umræðunnar á hringborðinu var kærleikurinn og hvernig við getum öll orðið riddarar kærleikans.



Þróunverkefni

Haustið 2024 tók allur fyrsti árgangur í þriðja sinn þátt í verkefninu Samvinna og sjálfræði, sem tók á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í ár var ákveðið að fækka heimsmarkmiðunum og nemendur völdu eitt af eftirtölum fimm heimsmarkmiðum.



Nemendur unnu í fjögurra til fimm manna hópum, þar sem þeir völdu sér heimsmarkmið og kynntu sér það vel og

komu með hugmynd að úrlausn. Hefðbundin kennsla féll niður í fimm virka daga í dönsku, ensku, hagfræði, íslensku, jarðfræði stærðfræði, tölvum og þriðja tungumáli þar sem nemendur unnu eingöngu að þessu verkefni. Stærðfræði og þriðja tungumál voru ný fög í verkefninu. Námsmat fyrir þau fög sem tóku þátt var sameiginleg ákvörðun kennara. Nemendur fengu tvær einingar fyrir að standast verkefnið.

Nemendur á öðru ári, á alþjóðabraut, unnu einnig samþættingarverkefni undir sömu formerkjum og verkefnið sem nemendur á fyrsta ári unnu. Fögin sem tvinnuðust saman voru alþjóðahagfræði, enska, saga, og stærðfræði. Markmið verkefnisins er þjálfun í gagnalæsi, menningalæsi og heimildarýni, auk þess sem nemendur fengu betri sýn á sögulegt samhengi nýlendustefnu Breta. Verkefnið gildi það 10% í öllum greinum.

Nemendur á þriðja ári, á nýsköpunar- og listabraut, unnu einnig samþættingarverkefni. Fögin sem tóku þátt voru enska, heimspeki og listir, íslenska, listasaga og lögfræði. Markmið verkefnisins var að halda kvikmyndahátíð. Nemendur framleiddu stuttmyndir og stýrðu verkefninu sjálf undir leiðsögn kennara. Kvikmyndahátíðin "VOFFinn" var haldin í Rauða sal þar sem stjórnendum og kennurum ásamt nemendum nýsköpunar- og listabraut á fyrsta og öðru ári var boðið að koma. Kvikmyndahátíðin tókst vel til og boðið var upp á pizzur eftir á. Verkefnið gildi 10% í öllum greinum.

Alþjóðlegi hamingjudagurinn

Þar sem skólinn er UNESCO skóli var ákveðið að halda upp á alþjóðlega hamingjudaginn. Bæði nemendur og starfsfólk skólans leiddu hugann að því hvað það er sem veitir þeim hamingju og tjáðu sig bæði í myndum og máli. Meðal annars sköpuðu nemendur 15 metra sameiginlegt myndverk sem sýnir hvað það er sem veitir þeim hamingju.



Gæðamál

Við skólann starfar gæðateymi sem samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, kennslustjóra fjarnáms, skjalastjóra, gæðastjóra auk tveggja kennara. Gæðateymið hefur umsjón með könnunum sem framkvæmdar eru innan sem utan skólans, vinnur úr niðurstöðum þeirra og kemur með tillögur að úrbótum. Gæðateymið gerir verkáætlun fyrir hvert skólaár og fylgir henni eftir. Árið 2024 voru gerðar nokkrar kannanir m.a. kennslukönnun, sem lögð er fyrir alla nemendur skólans, viðhorfskannanir til þróunarverkefna og könnun á stefnu útskriftarefna eftir útskrift. Teymið fór einnig yfir stefnur og verklagsreglur, ásamt því að vinna nýjar verklagsreglur eftir þörfum.

Nánar má lesa um starf Gæðateymisins í [sjálfsmatsskýrsluskólans](#).

Árlega er haldinn umhverfisdagur í Verzlunarskólanum og er hann yfirleitt í lok apríl. Á þessum degi fara nemendur og starfsmenn skólans út og gera hreint á lóð skólans.



Alþjóðasamskipti

Alþjóðastarfið var kraftmikið og blómlegt þetta árið. Mikilvægasti þátturinn í því er vottun skólans innan Erasmus+ verkefnisins, en að auki eru nokkur verkefni stutt af Nordplus auk þess sem haldið er úti nokkrum verkefnum þar sem nemendur kosta sjálfir ferðina að mestu en skólinn styrkir að nokkru leyti. Alþjóðastarfið er mikilvægur þáttur í því að gera góðan skóla enn betri og fær mikill hluti nemenda tækifæri til að taka þátt, en menntunargildi þess að taka þátt í svona ferðum og nemendaskiptum er ótvírætt. Staðfesting þess að við séum á réttri braut fékkst þegar skólinn fékk viðurkenningu fyrir fyrmyndar Erasmus+ verkefni við hátíðlega áthöfn 10. maí. Verkefnastjóri alþjóðaverkefna þetta árið var Ármann Halldórsson.

Heimsókn og ferð til Parísar



Eins og hefð er fyrir tók 2-A alþjóðabekkurinn þátt í verkefni. Í þetta skipti var það Fénelon skólinn í París sem var í verkefninu, en 2-A tók á móti þeim 11.-18. janúar og heimsótti París um vikutíma í mars en þetta verkefni var styrkt af Erasmus+ aðildinni. Frönskunemendur fengu að kynnst íslensku vetrarveðri og náttúru landsins og íslensku krakkarnir upplifðu fjölbreytta menningu og listir í stórborginni. Verkefnastjórar voru kennararnir Guðný Ósk Laxdal og Hulda Sigtryggsdóttir.



Skammtímaskipti við Sitges



Árið hófst með skemmtilegri heimsókn frá Spáni, þar sem tvær stúlkur frá skólanum Institut Joan Ramon Benaprès í bænum Sitges á Spáni komu og dvöldu við skólann um mánaðarskeið. Þær bjuggu hjá íslenskum fjölskyldum og gekk heimsóknin mjög vel í alla staði. Um haustið var heimsóknin svo endurgöldin með heimsókn nemanda til skólans í Sitges í október. Þetta verkefni flokkast sem skammtímaskipti innan Erasmus+ vottunarinnar og er spennandi viðbót við alþjóðastarfið. Stúlkurnar sóttu stóran hluta námsins hér með NGK bekknum, en þar gafst þeim tækifæri til að vera í tímum sem voru að mestu

kenndir á ensku. Umsjón með verkefninu höfðu Sigrún Björk Friðriksdóttir og Ármann Halldórsson.

Sjálfbærni-verkefni Erasmus+ - FUSOPA



Nemendur í 2-F héldu áfram í stóru alþjóðaverkefni þar sem mörg Evrópulönd vinna saman. Hilda Torres og Kristínu Huld Gunnlaugsdóttur halda utan um verkefnið fyrir hönd Versló. Fyrri ferðin í verkefninu var til Dinan í Frakklandi í apríl en sú síðari til Vínar í október en þá átti eftir að fara eina ferð til Spánar. Verkefninu lýkur svo með móttöku á Íslandi haustið 2025. Þetta er Erasmus+ verkefni af gamla skólanum og er fjármagnað utan aðildar Verzlunarskólans.



Brusseliferð

Alþjóðabekkurinn á þriðja ári fór í sína hefðbundnu ferð til Brussel 11.-15. febrúar en fararstjórar voru Hulda Sigtryggsdóttir og Kristófer Eggertsson. Að þessu sinni var ekki til styrkur fyrir þessari ferð en hefðbundnar heimsóknir í höfuðstöðvar alþjóðastofnana er mikilvægur liður í menntun brautarinnar í alþjóðamálum.

Færeyja og Danmerkurverkefni

Pennan veturinn hófst stórt verkefni í samstarfi við Tietgen skólann í Óðinsvéum og Miðnám á Kambsdali í Færeyjum. Hófst verkefnið með flottri viku í Færeyjum 15.-22. apríl og svo var Danmörk sótt heim í byrjun skólaársins í september. Verkefnið er óvenjulegt að því leyti að 15 nemendur frá hverju landi er með og hver nemandi tók á móti tveimur gestum, einum frá hvoru landi í hverri verkefnaviku. Þetta reyndist mjög vel og myndaðist einstaklega þétt og góð stemming hjá krökkunum. Þemað í verkefninu var félagsleg sjálfbærni og það er styrkt af Nordplus. Kennarar í verkefninu voru Björn Jón Bragason, Katrín Jónsdóttir og Hulda Hvönn Kristinsdóttir.

Þýskuferð til Berlínar

Þetta vorið var boðið upp á ferð til Berlínar fyrir nemendur sem eru með þýsku sem þriðja mál og var ferðin styrkt af Erasmus+ aðildinni. Menntaskólinn Droste-Hülshoff var sóttur heim og helstu kennileiti borgarinnar könnuð. Kennarar í verkefninu voru Þorgerður Aðalgeirsdóttir og Martin Kollmar.



Heimsókn frá Noregi

Í apríl tóku nemendur í 2-H á móti litlum hóp nemenda og kennara frá Numedal í Noregi. Þau unnu með þeim ýmis verkefni um norrænan sagnaarf og var heimsóknin vel heppnuð. Því miður náðist ekki að endurgjalda heimsóknina en vonir standa til að halda samstarfi áfram við þennan skemmtilega fjallaskóla hjá frændum okkar sem nýttu sinn Erasmus+ styrk til heimsóknarinnar. Kennarar í verkefninu voru Ingunn Björg Arnardóttir og Hallur Örn Jónsson.

Móttaka og Danmerkurferð

Í apríl tók 1-Y á móti bekk frá Skjærn í Danmörku, dönsku krakkarnir gistu eina nótt og unnu þau saman að ýmsum viðfangsefnum. Tengt þessu fór íslenski bekkurinn svo í Erasmus+ styrkta ferð til Kaupmannahafnar en þar heimsóttu þau nýja NGK bekkinn í Gribskov og nutu menningar borgarinnar. Kennarar í verkefninu voru Hjördís Rut Sigurðardóttir og Guðrún Rannveig Stefánsdóttir.

Írskir nemendur í heimsókn

Í lok september kom hópur írskra nemenda í heimsókn ásamt kennurum, frá Wilson's Hospital School. Hópurinn gerði skamma dvöl í skólanum en náði að fara í skemmtilegar ferðir og upplifa ótrúlega margt. Íslensku nemendurnir endurguldu heimsóknina í febrúar 2025. Kennarar í þessu verkefni voru Guðný Ósk Laxdal og Helga Benediktsdóttir. Þetta var ekki styrkt verkefni.

Samstarf við skóla á grísku eyjinni Kos

Í lok febrúar og rétt fram í mars var hópur nemenda frá grísku eyjinni Kos í heimsókn og kynntu sér náttúru og menningu Íslands. Í lok september var svo heimsóknin endurgoldin þegar stúlkurnar sjö af eðlisfræðibraut sem tóku þátt heimsóttu eyjuna og áttu stutta dvöl í Aþenu á bakaleiðinni. Kennarar í verkefninu voru Hólmi Friður Knútsdóttir og Gísli Örn Bragason

Frönskufærðir



Í lok mars héldu 22 nemendur með frönsku sem þriðja mál til bæjarins Pontivy á Bretónskaga í fylgd þriggja kennara. Þar var vel tekið á móti þeim og fjölbreytt dagskrá alla vikuna en verkefnið var Erasmus+ aðildarverkefni og var hér endurgoldin heimókn bretónskra um haustið. Kennarar í þessari ferð voru Sigrún Halla Halldórsdóttir, Þróstur Árnason og Ármann Halldórsson.

Í september fór svo annar hópur svipaðrar stærðar í ferð til Angers í Frakklandi og upplifði þar frábærar móttökur og svo heimsóttu frönsku nemendurnir Versló á vorönn 2025. Kennarar í þeirri ferð voru Sigrún Halla Halldórsdóttir og Gerður Harpa Kjartansdóttir.

Skammtímaheimsókn Bretónskagi

Auk skammtímaskipta frá Spáni komu líka nemendur frá Frakklandi í slík skipti, frá bæjunum Fougères og Dinan, sem eru báðir á Bretónskaga. Þau voru í skólanum í aprílmánuði. Þau sóttu jafnframt tíma með NGK bekknum og gekk heimsóknin mjög vel og var styrkt sem skammtímaskipti innan Erasmus+ verkefnisins, íslensku krakkarnir sem tóku á móti þeim endurguldu svo heimsóknina á vorönn 2025.

Heimsókn til Cartagena



Stór hópur nemenda með spænsku sem þriðja mál fór í Erasmus+ styrkta ferð til Cartagena á Spáni. Þau heimsóttu skólann Salesianos og kynntust starfinu þar og kynntust þessum fornfræga bæ og nágrenni hans. Fararstjórar voru Sigrún Björk Friðriksdóttir, Sóley Þórarinsdóttir og Ingunn Björg Arnardóttir.

Torredembarra

Í byrjun apríl heimsóttu tíu nemendur frá Torredembarra í Katalóníu á Spáni skólann og tók valinn hópur Versló nemenda á móti þeim. Þau gerðu víðreist um nágrenni Reykjavíkur og unnu skemmtileg verkefni í skólanum. Íslensku nemendurnir heimsóttu svo spænska vini sína 23.-30. september og nutu einstakrar gestrisni þar. Kennarar í verkefninu voru Sigrún Björk Friðriksdóttir og Eva Ösp Huldudóttir.

Félagsleg sjálfbærni í viðskiptum

Nordplus samstarf sem Verzlunarskólinn hefur lengi verið í við Helsinki Business College, Practicum í Helsinki og Nacka menntaskólanum í Stokkhólmi hefur verið útvíkkað og í þessari umferð er Niels Brock framhaldsskólinn í Kaupmannahöfn með. Hópur nemenda frá öllum þessum skólum hittist í Versló í byrjun október og unnu spennandi verkefni um félagslega sjálfbærni í viðskiptum. Lokaviðburður var svo í Kaupmannahöfn vorönn 2024. Kennarar í verkefninu voru Elísabet Halldórsdóttir og Rebekka Árnadóttir.

Heimsókn frá Ostrava

Alþjóðaverkefni 2-A veturinn 2024-25 var samstarf við Hello menntaskólann í Ostrava í Tékklandi, en Verzlunarskólinn hefur átt farsælt samstarf við skólann. Um miðjan október heimsótti hópur nemenda bekkinn frá Tékklandi. Hópurinn vann áhugaverð verkefni tengd vellíðan í skólastarfi og fór í skemmtilegar vettvangsferðir. Verkefnastjórar voru Hanna Lilja Jóhannsdóttir og Berglind Helga Sigurþórsdóttir. Íslenski bekkurinn fór svo í ferð til Tékklands vorið 2025 en þetta verkefni er styrkt af Erasmus+ aðildinni.

Starfskygging

Verzlunarskólinn tók á móti mjög áhugasömum hópi kennara frá Noregi annars vegar og Frakklandi hins vegar í október. Markmið skólans er að kennarar sem komi í heimsókn komi á sama tíma en þannig er skipulagning einfaldari og hægt að ná fram skemmtilegum tengingum milli landa. Starfskygging er skemmtilegur möguleiki innan Erasmus+ aðildarinnar.

Pennington – samstarf til vesturs

Eins og eðlilegt er þá er mest af alþjóðastarfi skólans innan Evrópu. Ánægjulegt er þó að núna hafa tekist samningar við skóla í Bandaríkjunum, Pennington í New Jersey. Einn nemandi kom frá þeim sem skammtímaskiptinemi og stjórnandi til að skoða aðstæður hjá Versló. Vonir standa til að þetta verði skemmtilegt og lifandi samstarf til lengri tíma. Kennarar í þessu verkefni eru Ármann Halldórsson og Elísabet Halldórsdóttir.



NGK – norðuratlanshafsbekkurinn

Í janúar 2024 settist hópur krakka frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi á skólabeck í Versló og voru hjá okkur yfir önnina en það var NGK bekkurinn svokallaði. Vel gekk að finna fjölskyldur til að hýsa hópinn og áttu þau flotta og gefandi dvöl í skólanum og voru meðal annars virkir þátttakendur í móttöku gesta frá ýmsum stöðum. Dvöl þeirra lauk með glæsilegri frammistöðu á munnlegu stúdentsprófi í ensku.

Bókasafn

Bókasafn Verzlunarskólans er mikilvægur hluti af stoðþjónustu skólans og veitir bæði nemendum og starfsfólki aðgengi að fræðslu, aðstoðu og ráðgjöf. Árið 2024 var safnið afar vel nýtt og var ómissandi hluti af daglegri vinnu og verkefnum í skólanum. Bókasafnið var opið frá kl. 8:00–19:00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 8:00–15:00 á föstudögum. Á prófatímum var opnunartími lengdur til að mæta þörfum nemenda. Hópvinnuherbergið á safninu var líkt og áður mjög vinsælt, oftast nær fullbókað af nemendum og kennurum sem nýttu það til hópverkefna, prófa, funda og annarrar vinnu. Alls voru 10.509 útlán skráð á árinu – þar af 9.550 útlán til nemenda og 959 til starfsfólks.

Í upphafi skólaárs heimsótti Klara lífsleiknitíma nýnema og kynnti þjónustu bókasafnsins. Þar var farið yfir helstu þjónustubætti safnsins, svo sem aðstoð við heimildaleit, heimildaskráningu og upplýsingaöflun. Einnig var bent á að hægt væri að fá lánað ýmislegt annað en bækur, s.s. fartölvur, hleðslutæki, vasareikna og iPada.



Starfsmenn bókasafnsins sáu um skipulag og framkvæmd bóksölu bæði á haust- og vorönn. Bóksalan var opin í rúmar tvær vikur í hvorri lotu.

Í lok nóvember var haldið árlegt jólabókaboð fyrir starfsfólk skólans. Þar lásu Björn Jón Bragason kennari við skólann og Embla Bachmann nemandi við skólann upp úr nýútkomnum bókum sínum og skapaðist notaleg og góð stemning.

Kennsla í heimildaskráningu var einnig stór hluti af starfseminni á árinu. Klara fór í fjölmargar kennslustundir, þar sem nemendum var kennt að skrá heimildir samkvæmt Apa-staðlinum. Í kjölfarið komu margir nemendur á safnið í leit að aðstoð og ráðgjöf – sem er afar jákvætt.



Vefur skólans

Vefur Verzlunarskóla Íslands gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun til nemenda, foreldra og starfsfólks. Á árinu 2024 voru alls 124 fréttir birtar á síðunni, þar sem fjallað var um fjölbreytt skólastarf, viðburði og afrek nemenda.

Á árinu var einnig sett upp ný síða fyrir [óskilamuni](#), þar sem hægt er að skoða myndir af óskilamunum sem hafa fundist í skólanum og á skólaviðburðum.

ÁRSREIKNINGUR

Rekstur skólans gekk vel árið 2024 og var rekstrarafkoma jákvæð sem er viðsnúningur frá fyrra ári. Launaliður skólans er 93% af framlagi ríkisins.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlag Ríkissjóðs		1.805.312.595	1.741.969.315
Skólagjöld		299.305.009	295.110.067
Aðrar tekjur		24.297.300	28.511.596
		<u>2.128.914.904</u>	<u>2.065.590.978</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	1.668.987.904	1.653.209.713
Húsaleiga	6	295.000.000	278.000.000
Rekstur húsnæðis		29.130.496	25.306.485
Viðhald og rekstur áhalds og búnaðar		32.566.529	28.272.015
Annar rekstrarkostnaður		50.209.621	62.840.494
Afskriftir	2	18.506.212	21.248.031
		<u>2.094.400.762</u>	<u>2.068.876.738</u>
Rekstrarafkoma		34.514.142	(3.285.760)

LOKAORÐ

Skólastarf í Verzlunarskólanum gekk vel á árinu og aðsókn að skólanum er áfram mjög góð og nemendahópurinn sterkur. Fjölbreytni í nemendahópnum hefur aukist á síðustu árum sem eflir skólabraginn. Nýnemar sem hófu nám haustið 2024 innrituðust á nýjar og endurbættar námsbrautir skólans. Rekstur skólans er í jafnvægi þó að fjárframlög frá hinum opinbera haldist ekki í hendur við almenna verðlagsþróun.

Áhersla hefur verið lögð á þróunar- og gæðastarf í daglegu starfi skólans og hvílir hvoru tveggja á ríkri fagmennsku kennara og annarra starfsmanna. Starfsánægja mælist há í könnunum meðal starfsmanna og traust til stjórnanda einnig. Samstarf við aðra skóla innanlands og erlendis er gott og hefur vaxið á síðustu árum. Starfsmenn Verzlunarskólans eru virkir í endurmenntun og sækja ýmsa fræðslu- og endurmenntunarviðburði.

Nemendur skólans hafa staðið sig vel í náminu og unnið til ýmissa verðlauna, jafnt námstengdum keppnum sem og keppnum í tengslum við félagslífið.

Skólasamfélagið varð fyrir miklu áfalli í upphafi haustannar 2024 þegar nemandi skólans lést eftir fólaskulega árás á Menningarnótt. Mikil samkennd og samstaða einkenndi skólastarfið í kjölfar atburðarins þegar nemendur og starfsmenn skólans minntust Bryndísar Klöru Birgisdóttur nemanda í 2-S.

